Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Kærur og framboð
# Alþingiskosningar 7. júní 1886

Aðfnr. 2238


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Alþingiskosningin
7. júní 1886

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
2238

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarsk ykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af kærum frá nokkrum bæjarbúum yfir því, að þeir væru eigi teknir upp á kjörskrá þá yfir kjósendur til alþingis í Reykjavíkurkaupstað, er gildir frá 1. degi júlímánaðar 1886 til 30. dags júnímánaðar 1887, þar sem þeir þó þykjast hafa bæði kosningarrjett og kjörgengi samkvæmt gild-andi lögum, vorum vjer undirskrifaðir á bæjarstjórnarfundi 10. þ. m. kosnir í nefnd til að rannsaka mál þetta og kveða upp um það skoðun vora.

Af þeim 8, sem kært höfðu skriflega yfir því, að þeim væri sleppt á áðurnefndri kjörskrá, hafa þeir

1. Helgi trjesmiður Helgason,
2. Sigurður járnsmiður Jónsson,
3. Bergur Þorleifsson,

fyrir löngu keypt borgarabrjef.

4. Einar trjesmiður Jónsson
5. Magnús úrsmiður Benjamínsson
6. Rafn skóari Sigurðsson og
7. Þorsteinn járnsmiður Tómasson

hafa kært munnlega til hins fyrverandi bæjarfógeta, og hefur hann kannazt við það, að þeir hafi borgarabrjef, og eigi því að taka þá upp á kjörskrá þá, sem hjer um ræðir, enda getur víst enginn efi á því leikið, að þessum 7 mönn-um er ranglega sleppt og þeir hafa fullan rjett til að njóta kosning-arrjettar. Auk þessa hefur

8. kand. philos. Bogi Melsteð

sent skriflega kvörtun yfir því, að hann er eigi talinn kosningarbær á kjörskrá þessari. Það er nú að vísu svo, að hann hefur enn eigi verið heilt ár búsettur hjer í bænum, því að hann mun hafa komið hingað í júnímánuði í fyrra-sumar, en samkvæmt kosningarlögum til alþingis 14. sept. 1877, 9. gr., skal taka þá upp á aðalkjörskrá, sem fullnægja skilyrðunum um aldur og heimili fyrir 1. dag júlímánaðar næst á eptir að kjörskrá hvers árs er leiðrjett. Með því nú að kand. phil. Bogi Melsteð er meira en 25 ára, verðum vjer að telja sjálfsagt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad hann eigi ad taka upp á kjörskrá þá, sem gilda á frá 1. júlí þ. á. til 30. d. júním. 1887.

Þeir kjósir, sem auk þeirra, sem þegar eru taldir, höfdu kært ad þeim sé sleppt á kjörskrá þessari, eru

+9. Eyjólfur Þorkelsson úrsmidur
+10. Páll Þorkelsson gullsmidur
+11. Arnbjörn Ólafsson fyrverandi vitavördur og
+12. Björn Gudmundsson múrari

og sídan hefur

+13. Sigmundur Gudmundsson

afhent oss kæru sína yfir hinu sama.

Þegar vjer lítum á kosningarlögin 14. sept. 1877 og stjórnarskrána 5. janúar 1874 getum vjer eigi sjed neina gilda ástædu til ad svipta þessa menn kosningarrjetti og kjörgengi, úr því þeir bædi hafa fullan aldur og greida svo mikid í bæjarsjód, sem lögin áskilja. Þad virdist ad hafa vakad fyrir hinni heidrudu kjörskrárnefnd sá skilningur á lögunum, ad allir þeir væru úti lokadir frá kosningarrjetti og kjörgengi, sem annadhvort hefdu eigi keypt sjer borgarabrjef eda rækju eigi fiskiveidar, ef þeir hefdu eigi grasnyt, væru eigi embættismenn eda hefdu eigi tekid naudsynleg lærdómspróf, en þetta hlýtur eptir vorri ætlun ad vera skakkt. Ad skipta mönnum í nákvæma flokka eptir atvinnu sinni getur hjer eigi til greina komid ad vorri ætlun. Vjer verdum ad ætla, ad annadhvort nái ordid „kaupstadarborgari" til fleiri manna en þeirra, er keypt hafa borgarabrjef, eda ad allir þeir, sem eigi hafa keypt borgarabrjef, verdi ad hafa hin sömu rjettindi sem tómthúsmenn, svo framarlega sem þeir eru húsfedur eda eru í svo óhádri stödu, ad þeir sjeu eigi beinlínis hjú annara í venjulegum skilningi ordsins, en stada þeirra sje þó föst og ákvedin. Þad virdist eitthvad undarlegt t. a. m. ad ef sjómadurinn tæki fyrir sig annan starfa, t. a. m. smídar, ad hann vid þá breytingu á atvinnu sinni skyldi missa þau rjettindi, sem hann ádur hefdi haft, eda ad idnadarmadurinn, sem væri vel ad sjer í mennt sinni, skuli fá ný rjettindi ef hann ad eins færi ad stunda fiskiveidar; þad er med ödrum ordum: ad sá sem minna menntun þarf til atvinnu sinnar, skuli hafa meiri rjettindi, en sá, sem meiri menntun þarf vid. Og hvad er þar ad auki þurrabúdarmadur? Vjer verdum ad telja þad hvern þann, sem hefur sjálfstæda fasta stödu og er heimilisfadir,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en er eigi bóndi, embættismaður eða kaupstaðarborgari. Það virðist og samkvæmt öllum anda löggjafarinnar, að láta sem flesta njóta þeirra rjettinda, sem hjer um ræðir, enda hefur þeirri reglu hingaðtil verið fylgt hjer í bænum; því að hingað til hafa allir þessir menn haft kosningarrjett og kjörgengi bæði til alþingis og bæjarstjórnar. Í 5. grein tilskip. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. d. aprílm. 1872 segir og með berum orðum, að allir þeir hafi kosningarrjett til bæjarstjórnar, sem rjett hafi til alþingiskosningar, og til að sýna með ljósu dæmi, að bæjarstjórnin hefur hingað til fylgt hinni sömu skilningi, sem vjer nú höldum fram, er það, að við nýár 1886 var einn af þeim mönnum, sem nú er úti lokaður af kjörskránni til alþingis, kosinn í bæjarstjórnina og enn mun mega finna þess nokkur dæmi, að þeir menn hafi áður haft sæti í bæjarstjórninni, sem ekkert borgarabrjef hafa haft, og þó eigi stundað fiskiveiðar.

Af öllum þessum ástæðum verðum vjer að telja það víst, að allir hinir áður nefndu kærendur hafi fyllsta rjett til að verða teknir upp á kjörskrá þá, sem hjer um ræðir.

Enda þótt vjer skiljum svo, að það erindi, sem oss var á hendur falið, í raun rjettri taki eigi lengra en til þeirra manna, sem kært hafa, viljum vjer þó leyfa oss að benda hinni heiðruðu bæjarstjórn á, að auk þeirra 13 manna, sem vjer þegar höfum nefnt og kært hafa, eru ýmsir menn og það eigi allfáir, sem eigi hafa kært, en auðsjáanlega standa eins á fyrir og hinum fjórum, sem vjer síðast töldum, og enn fremur ýmsir, sem auðsjáanlega er gleymt af gáleysi.

Til hinna fyrri teljum vjer þá, sem nú skulu greindir:

× 1. ~~Árni Helgason skóari~~ 9
× 2. Andersen skraddari 16
× 3. Brynjólfur Oddsson bókbindari 18
× 4. Daníel Símonarson söðlari 12
× 5. Eiríkur Kúld trjesmiður 32
× 6. Erlendur Árnason trjesmiður 18
× 7. Erlendur Magnússon gullsmiður 15
× 8. Gräntz skraddari 18
× 9. Guðlaugur Torfason trjesmiður 12
× 10. Guðni Símonarson gullsmiður 22
× 11. Gunnar Gunnarsson verzlunarmaður 12
× 12. Gunnar Gunnarsson trjesmiður 30
× 13. Gunnlaugur Stefánsson prentari 20
× 14. Hafliði Guðmundsson verzlunarmaður 9
× 15. Halldór Þórðarson bókbindari 30
× 16. Hansen, Johannes verzlunarstjóri 90
× (17. Hansen hattari 9)
× 18. Jens Ólafsson 32
× 19. Jensen bakari 90
× 20. Jóhannes Jónsson snikkari 30
× 21. Jón Jónsson prentari 9
× 22. Jón Símonarson smiður 12
× 23. Konráð Maurer verzlunarmaður 18
× 24. Lárus Lúðvíksson skóari 16
× 25. Magnús Guðnason steinhöggv. 20
× 26. Magnús Gunnarsson skóari 28
× 27. Magnús Ólafsson snikkari 62
× 28. Matthías Markússon trjesmiður 8

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29. Ólafur Ámundason verzlunarmaður 80 — 30. Ólafur Eiríksson söðlari 15
31. Ólafur Þórðarson bókhaldari 35 — 32. Ólafur Þórðarson járnsmiður
33. Pjetur Bjering verzlunarmaður 9 — 34. Pjetur Jónsson pjátrari 20
35. Runólfur Sigurðsson snikkari — 36. Rüden klæðskeri 42
37. Sighvatur Bjarnason skrifari 40 — 38. Sigurður Árnason trjesmiður 30
39. Sveinn Sveinsson trjesmiður 24 — 40. Sorfi Þorgrímsson prentari 25
41. Þorkell Gíslason trjesmiður 40 — 42. Þorsteinn Guðmundsson verzlunarmaður, 18

sem allir fullnægja þeim skilyrðum fyrir kosningarrjetti og kjörgengi, sem lögin áskilja, bæði með aldur, gjald til sveitar o. s. frv., enda hafa áður notið þessa rjettar.

Enn fremur virðist þeim sleppt fyrir gleymsku sakir, sem vjer nú skulum nefna:

43. Björn Guðlaugsson tómthúsm. á Bakka — 44. Eggert Briem fyrrv. sýslumaður
45. Gísli Gíslason tómthúsm. á Steinum 11 — 46. Jóhannes Árnason tómthúsm. í Kaplaskjóli
47. Ólafur Þórarinsson tómthúsm. á Selkoti — 48. Ólafur Björnsson tómthúsm. í Skuggahv. 9
49. Páll Pálsson tómth.m. í Vindheimakoti 11 — 50. Sigurður Sigurðsson tómth.m. í Bræðraborg 22
51. Vigfús Þorvaldsson tómth.m. í Seli 22 — 52. Þórður Ólafsson tómth.m. á Vegamótum 11

Þannig mun vanta á kjörskrá þessa alls 65 manns, sem að vorri ætlun hafa vafalausan kosningarrjett og kjörgengi hvort heldur til alþingis eða bæjarstjórnar, og virðist oss rjettast og viljum ráða hinni heiðruðu bæjarstjórn til þess, að taka þá alla upp á kjörskrána.

En vjer skulum enn fremur leyfa oss að geta þess, að flesta þessa menn mun vanta á kjörskrá þá, sem kjósa á eptir nú í vor; og skulum vjer að eins leyfa oss að taka það fram um það atriði, að þótt engar kvartanir kæmu yfir kjörskránni í fyrra, má það nokkuð hlutaðeigendum til vorkunnar virða, þótt þeir eigi gættu þá rjettar síns, sem vera bar, að þá gat eigi grunað að þeir, sem staðið höfðu á öllum kjörskrám til þess tíma, skyldu þá allt í einu að orsakalausu vera sviptir rjettindum sínum, sem þeir höfðu ávallt áður notið mótmælalaust, enda datt þá engum í hug, að kosningar mundu fara fram eptir þeirri kjörskrá.

Reykjavík 15. d. maímán. 1886.

H. Kr. Friðriksson — Eiríkur Briem. — Páll Þorkelsson

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð beiði eg mér virðingarfyllst að mælast til þess, að þér herra bæjarfógeti, gerið ráðstafanir til, að eg, með því að eg hefi fengið bú mitt extraderað, verði aptur tekinn uppá kjörskrá bæjarins.

Reykjavík 25. maí 1886

Virðingarfyllst

Gestur Pálsson

Að bú Gesti Pálssonar sje eigi lengur undir skiptameðferð vottast hjermeð

27/5 86

Jón Jensson

settur

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sökum þess að jeg hef orðið þess var, að jeg er ekki tekinn á kjörskrá þá, sem lögð hefur verið fram yfir kosningarbæra bæjarbúa til alþingis frá 1. júlí 1866 til 30. júní 1887, þá hlýt jeg að láta þá skoðun mína í ljósi að íhuguðum öllum ástæðum, að rjetti mínum sje hjer með hallað og jeg sje að minnsta kosti að mínu áliti ranglega útilokaður frá þeim rjetti, að mega kjósa til alþingis fyrir Reykjavíkurbæ, og leyfi jeg mjer því hjer með að skora á hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur bæjar, að taka mig upp á nefnda kjörskrá Reykjavíkur bæjar. Með virðingu

Reykjavík 28. maí 1886 Þorsteinn Tómasson
(járnsmiður)

Til

Herra bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

med I 22/5

Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að beiðast þess, að hin háttvirta bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar vildi hlutast til um, að jeg yrði tekinn upp á kjörskrá Reykjavíkur kaupstaðar, sem gildir fyrir komandi ár.

Bæn minni til stuðnings vil jeg geta þess, að jeg er yfir 25 ára að aldri, að jeg hefi óflekkað mannorð, að jeg er fjár míns ráðandi, að jeg hefi eigi þegið sveitarstyrk, að jeg hefi verið heimilisfastur í Reykjavíkur kaupstað meir en 1 ár og að jeg geld til fátækrasjóðs Reykjavíkur yfir 12 krónur.

Fleiri skilyrði kosningarrjetti viðvíkjandi, veit jeg ekki til að sjeu sett í kosningarlögunum, þeirri stjett sem jeg er í, og get jeg því ekki annað en álitið, að mjer sje ranglega sleppt af kjörskránni.

Því miður kemur umkvörtun mín ~~fram~~ á öðrum tíma en þeim, sem tiltekinn er í lögunum að menn eigi að kvarta á, sem sje, innan 8 daga eptir þann 21. april, og kemur það til af því, að jeg var ekki hjer í bænum á því tímabili. En þrátt fyrir það álít jeg, að hin háttvirta bæjarstjórn geti tekið bæn mína til greina, ef hún vill, þar sem ekki, mjer vitanlega, er tekið fram í kosningarlögunum hvenær bæjarstjórnin síðast má taka á móti umkvörtunum.

Virðingarfyllst,
Reykjavík hinn 22. maí 1886
Björn Kristjánsson
þurrabúðarmaður.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Konungleg auglýsing

til

## Íslendinga

um að alþingi sje leyst upp og fl.

---

# Allerhøieste Kundgjørelse

til

## Islænderne

om Althingets Opløsning m. v.

---

Kjøbenhavn.

Trykt hos J. H. Schultz.

1885.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Stjórnarráðherra Vor fyrir Ísland hefur fyrir Oss lagt frumvarp til endurskoðaðra stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, er borið hefur verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi því, er haldið var á síðast liðnu sumri, og ennfremur tvenn þegnleg ávörp til Vor frá efri og neðri deild alþingis, er meðal annars fara fram á að mæla fram með breyttu fyrirkomulagi á hinni æðstu stjórn þessara málefna, eins og alþingi hefur farið því fram.

Samkvæmt fyrirmælum 61. gr. í stjórnarskránni höfum Vjer því með opnu brjefi Voru 2. nóvbr. þ. á. leyst upp alþingi, er nú er, og um leið skipað fyrir, að nýjar almennar kosningar til alþingis skuli fara fram í byrjun júní mánaðar n. á., og höfum ennfremur samkvæmt 6. og 8. gr. stjórnarskrárinnar ákveðið, að hið nýkosna alþingi skuli koma saman í Reykjavík 28. dag júlí mánaðar næsta þar á eptir.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum trúu og kæru þegnum á Íslandi, viljum Vjer hjer með gjöra það kunnugt, svo að eigi verði byggðar þær vonir á ráðstöfunum þessum, er stjórnarskráin mælir fyrir um, sem eigi munu rætast á síðan, að Vjer munum með engu móti geta staðfest stjórnarskipunarlaga frumvarp það, er alþingi hefur fallizt á, enda þótt svo fari að það verði samþykkt af nýju á hinu nýkosna alþingi.

Vjer kunnum rjett að meta hugarfar það, er sprottin er af óskin um breytingar á stjórnarskránni, og Vjer virðum mjög mikils þann hinn hlýja vott um hollustu til Vor, er kemur fram í ávörpum þeim, er báðar deildir alþingis hafa sent Oss; en er ræðir um að staðfesta frumvarp það til breytingar á stjórnarskipuninni, sem samþykkt hefur verið, þá getum Vjer eigi látið þetta halda Oss frá að koma svo fram í því máli, sem skylda Vor gagnvart ríkinu í heild sinni býður Oss.

Ef æðsta stjórn Íslands yrði, eins og ákveðið er í hinu samþykkta frumvarpi, fengin í hendur ábyrgðarlausum landstjóra, skipuðum af Oss og með aðsetur í landinu sjálfu, er skyldi hafa vald til að ráða þeim málum til lykta í umboði Voru, er konunglegs samþykkis þurfa — með þeim einum undantekningum, að hann gæti eigi staðfest breytingar á stjórnarskipunarlögunum, eigi náðað menn nje veitt almenna uppgjöf á sökum — og sem skyldi taka sjer ráðgjafa, og láta þá framkvæma vald sitt og hafa ábyrgð á stjórnar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

störfunum fyrir alþingi, þá myndi Island með þessu móti, eins og Vjer þegar áður höfum tekið fram í auglýsing Vorri til alþingis 23. maí 1873, er um líka uppástungu frá alþingi var að ræða, í raun og veru verða leyst úr öllu sambandi við ríkið, þarsem æðsta stjórn þess þá yrði falin á hendur stjórnarvaldi í landinu sjálfu, er óháð væri bæði hinni annari stjórn Vorri og eins ríkisráði Voru. En slíkt fyrirkomulag mundi fara í bága við hina gildandi stjórnarskipun ríkisins, og gæti eigi samrýmzt stöðu Íslands að lögum sem óaðskiljanlegs hluta danaveldis, er gjörir það að verkum, að æðsta stjórn hinna íslenzku mála sem og allra mála ríkisins til samans verður að vera í höfuðstað Vorum, eins og líka er gengið út frá í lögunum 2. jan. 1871, 6. gr.

Ennfremur hefur það eigi getað dulizt Oss, að alþingi hefur tekið upp í fyrstu greinir frumvarps síns ákvarðanir um það, hver sjeu sjerstakleg málefni Islands og hver sje staða þess, er um almenn mál ríkisins er að ræða, en hefur þó eigi, eins og stjórnarskráin 5. janúar 1874, sett í frumvarpið nauðsynlega tilvísan til laga 2. janúar 1871 um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, og þessi lög hefur frumvarp alþingis líka látið ónefnd í 34. gr. sinni sem heimild fyrir tillagi því, er ríkissjóðurinn leggur til sjerstaklegra gjalda Íslands. Það er hætt við, að ef frumvarpið yrði staðfest í þessu formi, þá mundi það styðja til þess að efla þá röngu skoðun, er hið ráðgefandi alþingi hjelt fram 1871, að lögin 2. janúar 1871 sjeu eigi bindandi fyrir Ísland, en slík skoðun fer hreint og beint í bága við stjórnarskipun ríkisins, sem byggð er á grundvallarlögunum, og getum Vjer eigi rjett hjálparhönd til þess að glæða eða efla hana.

Í Vorri konunglegu auglýsing til Íslendinga 14. febr. 1874 ljetum Vjer í ljósi, að Vjer álitum, að með stjórnarskránni um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 væri stjórnarskipunarmál þess að fullu og öllu til lykta leitt, og tókum Vjer einnig fram, að tekið sje með lögum þessum það tillit til þeirra óska, er komið höfðu fram af hálfu Íslands, sem frekast má verða, og samrýmzt getur hinni gildandi stjórnarskipun ríkisins. Það hefur því glatt Oss að verða þess vísir af ávörpum þeim, er Oss hafa verið send, að Vorir kæru og trúu þegnar á Íslandi einnig viðurkenna það, að stjórn Vorri og alþingi hafi tekizt í góðri samvinnu að efla töluvert framfarir landsins á hinum fáu árum, er stjórnarskráin hefur verið í gildi. En fyrst svo er, þá höfum Vjer þá von, að fram komi við kosningar þær, er nú eiga fram að fara, alþingi svo skipað, að það kjósi heldur að halda áfram því verkinu, er farsællega hefur byrjað verið á til blessunar fyrir landið undir þeirri stjórnarskipun, sem nú er, — og skal eigi til þessa skorta hvöt og aðstoð frá Vorri hálfu, — en að eyða tíma, kröptum og fje landsins í árangurslausa stjórnardeilu, og endurnýjaða baráttu til að koma fram kröfum, er gagnstæðar eru eining ríkisins.

*Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1885.*

**Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Os er af Vor Minister for Island bleven forelagt et af Althinget i dets i afvigte Sommer afholdte Samling ved Benyttelsen af det private Initiativ vedtaget Forslag til en revideret Forfatningslov for Islands særlige Anliggender samt tvende henholdsvis af Thingets øverste og nederste Afdeling til Os rettede allerunderdanigste Adresser, der bl. A. gaa ud paa at anbefale en forandret Ordning af den øverste Styrelse af disse Anliggender, som af Althinget er bragt i Forslag.

Vi have i denne Anledning overensstemmende med Forskriften i Forfatningslovens § 61 ved Vort aabne Brev af 2den November d. A. opløst det nuværende Althing og samtidig forordnet, at nye almindelige Valg til Althinget skulle foregaa i Begyndelsen af Juni Maaned næste Aar, hvorhos Vi i Henhold til Forfatningslovens §§ 6 og 8 have bestemt, at det nyvalgte Althing skal komme sammen i Reykjavik den 28de Juli næstefter.

Idet Vi kundgjøre dette for Vore tro og kjære Undersaatter paa Island, ville Vi, for at der ikke til disse af Forfatningsloven paabudne Skridt skal knyttes Forventninger, som ikke senere opfyldes, herved give tilkjende, at det ikke vil være Os muligt at stadfæste det af Althinget vedtagne Forfatningslovforslag, selv om det af det nyvalgte Althing paany maatte blive vedtaget.

Vi miskjende ikke det Sindelag, hvoraf Ønsket om Forandringer i Forfatningsloven er fremgaaet, og Vi paaskjønne i høi Grad de varme Yttringer af Hengivenhed for Os, hvorom de til Os af begge Althingets Afdelinger rettede Adresser bære Vidnesbyrd; men Vi kunne ikke heraf lade Os afholde fra ved Spørgsmaalet om Stadfæstelsen af det vedtagne Forslag til Forfatningsforandring at indtage drn Stilling, som Vor Pligt overfor Riget i dets Helhed byder Os.

Saafremt Islands øverste Styrelse, saaledes som i det vedtagne Forslag er bestemt, overdrages til en af Os udnævnt, i Island bosat, uansvarlig Landsstyrer, der paa Vore Vegne skulde kunne afgjøre de Sager, hvortil der udfordres Kongeligt Samtykke — Stadfæstelse af Forandringer i Forfatningsløven og Meddelelsen af Benaadninger og Amnesti alene undtagne — og som skulde udøve sin Myndighed gjennem af ham valgte Ministre, der overfor Althinget ere ansvarlige for Regjeringens Førelse, vilde Island i Virkeligheden,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

saaledes som Vi alt tidligere ved Vor Bekjendtgjørelse til Althinget af 23de Mai 1873 i Anledning af et da fra Althingets Side foreliggende lignende Forslag have udtalt, blive helt udsondret af Statsforbindelsen, idet dets øverste Styrelse blev henlagt til en stedlig Regjerings-myndighed, uafhængig af Vor øvrige Regjering saavelsom af Vort Statsraad. En saadan Ordning vilde imidlertid være stridende mod den gjældende Statsforfatning og uforenelig med Islands retlige Stilling som en uadskillelig Del af den danske Stat, der gjør det nødvendigt, at den øverste Ledelse af de islandske Anliggender, ligesom af samtlige Rigets Anliggender, maa have sit Sæde i Vor Hovedstad, saaledes som ogsaa er forudsat i Loven af 2den Jan. 1871 § 6.

Det har endvidere ikke kunnet undgaa Vor Opmærksomhed, at det af Althinget vedtagne Forslag i sine første Paragrafer har optaget Bestemmelser om Udstrækningen af Islands særlige Anliggender og om Islands Stilling til Rigets almindelige Anliggender, uden dog, saaledes som Forfatningsloven af 5te Januar 1874, at indeholde den fornødne Henvisning til Lov af 2den Januar 1871 om Islands forfatningsmæssige Stilling i Riget, ligesom ogsaa Forslaget i sammes § 34 har undladt at nævne denne Lov som Hjemmel for det Tilskud, der af Statskassen udredes til Islands særlige Finantser. Vi maa befrygte, at Lovforslagets Stadfæstelse i den saaledes lydende Form vilde bidrage til at bestyrke den af det raadgivende Althing i 1871 fremsatte urigtige Paastand, at Loven af 2den Januar 1871 ikke er forbindende for Island; men til at nære eller styrke en saadan Opfattelse, der er i ligefrem Strid med den grundlovsmæssige Statsorden, kunne Vi ikke yde Vor Medvirkning.

I Vor allerhøieste Kundgjørelse til Islænderne af 14de Februar 1874 tilkjendegav Vi, at Vi betragtede Forfatningsloven for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874 som en endelig Ordning af Islands Forfatningsforhold, ligesom Vi udtalte, at der ved denne Lov er taget det størst mulige Hensyn til de fra Island fremkomne Ønsker, saavidt de kunne forenes med den bestaaende Statsorden. Det har derfor været en Tilfredsstillelse for Os at erfare gjennem de Os tilsendte Adresser, at Vore kjære og tro Undersaatter paa Island ogsaa erkjende, at der i det korte Tidsrum, hvori den bestaaende Forfatningslov har været i Kraft, ved lykkeligt Samarbeide mellem Vor Regjering og Vort Althing er udrettet betydeligt for Islands Udvikling. Men naar saa er, nære Vi det Haab, at der af de forestaaende Valg maa fremgaa et Althing, der vil foretrække at fortsætte det heldigt begyndte Arbeide for Islands Vel med Benyttelse af den nuværende Forfatning, hvortil der ikke skal mangle Opmuntring og Understøttelse fra Vor Side, fremfor at spilde Tid, Kræfter og Landets Penge paa en ufrugtbar Forfatningsstrid og paa en fornyet Kamp for at gjennemføre Fordringer, der ere uforenelige med Rigets Enhed.

**Givet paa Amalienborg, den 2den November 1885.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ıgur,
i,

mvarp
hefur
liðnu
meðal
essara

brjefi
nýjar
höfum
lþingi

viljum
funum
Vjer
hefur

tingar
l Vor,
ir um
verið,
skylda

nvarpi,
sjálfu,
þykkis
ngar á
g sem
jórnar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Vi**

**de V**

dets i a
en revi
øverste
at ank
thinget

§ 61
tidig f
Maan
at det

for at
ikke se
Althin
blive r

er fren
hvorom
kunne
Forslag
dets H

overdra
Vegne
fæstelse
alene
der ov

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5 eintök

# Konungleg auglýsing

til

## Íslendinga

um að alþingi sje leyst upp og fl.

---

# Allerhøieste Kundgjørelse

til

## Islænderne

om Althingets Opløsning m. v.

---

Kjøbenhavn.

Trykt hos J. H. Schultz.

1885.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT.

4/12

Reykjavík 1. Desbr. 1885.

J.

Um leið og jeg hjermeð sendi yður, herra bæjarfógeti, nokkur exemplör af:
1. Opnu bjefi, dags. 2. f. m. um nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til auka-fundar 28. júlí 1886; og
2. konungl. auglýsingu til Íslendinga, dags. 5. d. um að alþingi sje leyst upp o. fl., og ennfremur 1 eyðublað undir kjörbrjef, skal jeg þjónustusamlega skora á yður að gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir til að kosning til alþingis fari fram í lögdæmi því, sem þjer eruð yfir skipaður, á tímabilinu frá 1. til 10. júní næstkomandi, svo sem fyrir er mælt í áður-nefndu opnu bjefi, og að öðru leyti haga undirbúningi undir kosninguna og kosningunni sjálfri eptir fyrirmælum kosningarlaganna til alþingis 14. Septbr. 1877. — Jeg skal sjerstaklega taka það fram, að samkvæmt 17. gr. nýnefndra laga á kosningin að fara fram eptir kjörskrám þeim, sem leiðrjettar voru í marz mánuði þ. á., sbr. 10. gr. laganna. —

Magnús Stephensen
settur.

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík. —

Nr 845/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lesið upp á hreppfundi Reykjavíkur 7 Juni 1886 A. Thorsteinsson

# Opið brjef

um

nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til aukafundar 28. júlí 1886.

---

# Aabent Brev,

angaaende

Udskrivning af nye Valg til Althinget samt Indkaldelse af samme til en overordentlig Samling den 28de Juli 1886.

---

Kjøbenhavn.

Trykt hos J. H. Schultz.

1885.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Með því að Vjer höfum með opnu brjefi, dagsettu í dag, leyst upp alþingi, sem nú er, þá er það allramildastur vilji Vor, að nýjar kosningar til alþingis fyrir næstu 6 ár skuli fara fram á tímabilinu frá 1. til 10. júní 1886, að báðum dögum meðtöldum.

Fyrir því bjóðum Vjer og skipum fyrir allramildilegast, að almennar kosningar til alþingis fari fram á nefndu tímabili samkvæmt ákvæðum laga 14 septbr. 1877 um kosningar til alþingis, og viljum Vjer samkvæmt 26. gr. nefndra laga allramildilegast ákveða, að kjörtíminn fyrir allar kosningar skuli talinn frá 1. júlí 1886.

Vjer höfum ennfremur allramildilegast ákveðið að alþingi skuli koma saman til aukafundar 28. júlí 1886, og viljum Vjer um þingtímann allramildilegast kveða svo á, að alþingi þetta megi eigi setu eiga lengur en mánuð. Bjóðum Vjer því hjermeð öllum þeim, er setu eiga á þessu þingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur kaupstaðar, og verður alþingi þá sett þar, eptir að guðsþjónustugjörð hefur farið fram í dómkirkjunni.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 2. nóvember 1885.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Eftersom Vi ved aabent Brev af D. D. have opløst det nu værende Althing, er det Vor allernaadigste Villie, at der i Tiden fra den 1ste til den 10de Juni 1886, begge Dage inklusive, skal foretages nye Valg til Althinget for de næste 6 Aar.

Thi byde og befale Vi herved allernaadigst, at der til det nævnte Tidspunkt bliver at afholde et almindeligt Valg af Medlemmer til Althinget, overensstemmende med de i Lov om Valgene til Althinget af 14de Septbr. 1877 foreskrevne Regler, og ville Vi i Henhold til bemeldte Lovs § 26 herved lige allernaadigst have fastsat, at Valgtiden for samtlige nye Valg bliver at regne fra 1ste Juli 1886.

Og da Vi derhos allernaadigst have besluttet at lade Althinget træde sammen til en overordentlig Samling den 28de Juli 1886, om hvilken Samlings Varighed Vi lige allernaadigst ville have fastsat, at den ikke maa udstrækkes udover en Maaned, befale Vi samtlige Medlemmer af bemeldte Althing, at de den nævnte Dag indfinde sig i Kjøbstaden Reykjavik, hvor da Althingets Aabning vil finde Sted efter forud afholdt Gudstjeneste i Domkirken.

Hvorefter alle Vedkommende sig allerunderdanigst have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 2den November 1885.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5 eintök

# Opið brjef

um

nýjar kosningar til alþingis, og að því skuli stefnt saman til aukafundar 28. júlí 1886.

---

# Aabent Brev,

angaaende

Udskrivning af nye Valg til Althinget samt Indkaldelse af samme til en overordentlig Samling den 28de Juli 1886.

---

Kjøbenhavn.

Trykt hos J. H. Schultz.

1885.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð lýsi jeg yfir því, að jeg er fús á að taka á móti kosningu til alþingis í Reykjavíkur kjördæmi og skal um leið láta þess getið, að jeg ekki hefi boðið mig fram nje látið bjóða mig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi.

Reykjavík 5. e. júní mánaðar 1886

J. Jónassen
Dr. med.

Lagt fram á kjörfundi Reykjavíkur 7 Juni 1886

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfum vjer undirskrifaðir oss samkvæmt 22. grein kosningarlaganna 14. sept. 1877 að senda yður, herra bæjarfógeti, sem oddvita kjörstjórnarinnar í Reykjavíkur kjördæmi, hjálagða yfirlýsing frá dr. med. Jónasi Jónassen, að hann sje fús til þess að taka á móti kosningu til alþingis í þessu kjördæmi við kosning þá, sem fram á að fara 7. þ. m., og um leið lýsum vjer yfir því, að vjer viljum mæla fram með dr. med. Jónasi Jónassen til þessarar kosningar.

Reykjavík 5. júní 1886

H. Kr. Friðriksson   Björn M. Olsen   Olafur Olafsson

Magnús Vigfússon

J. K. Ólafsson

Lagt fram á kjörfundi Reykjavíkur 7 Juni 1886

A. Thorsteinson

Til

bæjarfógetans í Reykjavík, oddvita kjörstjórnarinnar í Reykjavíkur kjördæmi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og eg þegar fyrir nokkru auglýst í blaðinu Ísafold, eins leyfi eg mér hérmeð að tilkynna yður það, velborni herra bæjarfógeti, að eg gef kost á mér sem þingmannsefni fyrir Reykjavíkur kaupstað við kosningar þær, er eiga fram að fara næstkomandi Mánudag.

Reykjavík 5. júní 1886.

Virðingarfyllst.

[illegible]

Lagt fram á kjörfundi Reykjavíkur 7 júní 1886

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með legg ég mín beztu meðmæli með hr. Ólafi stúdent Rósinkranz sem þingmannsefni við kosningu þá á alþingismanni fyrir Reykjavíkur kjördæmi, sem fram á að fara 7. þ. m.

Reykjavík 5. júní 1886.

Jón Ólafsson,
bæjarfulltrúi.

Lagt fram á kjörfundi Reykjavíkur 7 Juni 1886
A Thorsteinson

Til

oddvita kjörstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur